



FLUGSTOÐIR  
ISAVIA

# Flugslysaæfingin Gjögur 2007



Lokaskýrsla



# FLUGSTOÐIR

## ISAVIA

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:  
Kristján Torfason [kristjan@flugstodir.is](mailto:kristjan@flugstodir.is) og Bjarni Sighvatsson [bjarnis@flugstodir.is](mailto:bjarnis@flugstodir.is)







## Flugslysaefing á Gjögri.

13-14. október 2007.

**Föstudagur 12. október:** Fórum af stað akandi frá Reykjavík um kl. 1300 og komum til Djúpvavíkur um kl.1830. Fórum á Gjögurflugvöll og skoðuðum aðstæður og síðan í félagsheimilið í Trékyllisvík.

**Laugardagur 13.október:** Uppúr kl. 0900 var æfingin sett með hefðbundnum glærukynningum þar sem BS fór yfir æfinguna í heild og hvernig hún ætti að ganga fyrir sig. Árni B. tók að sér þátt Almannaþingardeildar í fjarveru þeirra og fór yfir stjórnkerfið. Bára Ben fór yfir bráðaflokkun og tengd mál og Þorlákur "Láki" fór yfir byrjunina á sýnu efni en það fjallaði um flest er varðar aðkomu, efni, hættur, slökkviþáttinn ofl. í flugslysum.

Eftir hádegismat á sama stað sem heimamenn önnuðust þá tók Láki aftur við og hélt áfram um sama efni.

Þegar hann var búinn um kl. 1400 þá var kaffitími og að honum loknum var farið í póstavinnu með fjórum póstum. Bára með bráðamat/áverkammat og meðhöndlun sjúklinga, Bjarni með spelkun, brunnaumbúðir, sáraumbúðir, blæðingar, verkjalyf. Láki sá um björgun úr flaki sem var pallbíll við húsið og Alfreð (SA maður) sá um að kenna að ganga frá sjúklingum á bakbretti, setja á hálskraga og fleira því tengt.

Þegar allir höfðu klárað sína pósta og voru í miðjum klíðum að fá sér kaffisopa heyrðust ógurleg læti og í ljós kom að Árni og Ingólfur (Slysbjörg) höfðu lent í slysi. Sennilega hafði orðið "sprenging" og lá Ingólfur á gangi í þröngu rými en Árni hafði lent í trékistu og brak ofan á.

Þetta var auðvitað skyndiverkefni sem þeir höfðu búið til og þegar heimamenn höfðu áttað sig á alvöru málsins þá hófu þeir björgunarstörf, skiptu liði og hófu að búa um sár og koma mönnum á börur. Tókst "björgunin" allvel en þarna reyndi ekki síst á stjórnun.

**Sunnudagur 14.október:** Vorum mætti í félagsheimili fyrir kl. 0800 ásamt þremur sjúklingum sem komu frá Hólmavík og einum unglingi af staðnum. Voru þeir farðaðir og gerðir klárir. Reyndar bættust svo við þrír krakkar undir löfgaldri. Við höfðum þá græna og héldum þeim aðeins utanvið. Um níu leitið var komið á flugvöllinn og þar voru allir björgunarmenn mættir samkvæmt áætlun. Ákveðið hafði verið að gera SSS klárt sem fyrsta lið æfingarinnar þannig að allir gætu tekið þátt og lært hvernig það væri gert. Þegar söfnunarsvæðið var klárt og frágengið fóru allir björgunarmenn að slyasvæði til að fylgjast með slökkviþættinum. Þegar SA menn höfðu kveikt í "flakinu" hófst æfingin sjálf og Sveindís hringdi í neyðarlínuna, klæddi sig í galla og kom á slökkvibílnum ásamt Hávarði eiginmanni sínum (hann mætir oftast á völlinn með konu henni og þótti því upplagt að hann aðstoðaði hana við slökkvistörf). Með Sveindísi í aðalhlutverki hófu þau síðan slökkvistörf og luku þeim á skömmum tíma.

Skömmu áður en æfingin hófst hafði bætt í vind en núna herti hann sig verulega og lá í 30 hnútum og bullandi rigningu í tveggja gráðu hita. Þegar björgunarmönnum var gefið leifi til að hefjast handa við björgun þá voru veðuraðstæður orðnar mjög slæmar og mjög mikil kæling.

Það gafst því ekki mikill tími til þess að fara hægt í málin og rabba um hagstæðustu lausnir. Það varð að koma sjúklingum í hús hið fyrsta enda bráð hætta búin af veðrinu og kælingunni. Björgunarmenn bundu því skjótt um sár og lögðu áherslu á flutning. Björgunarsveitin var með Econoline til sjúkraflutninga en menn tóku einnig einkabíla sína til flutninga enda brýn þörf á að hraða þeim. Er á SSS kom voru þeir settir á skoðunarborð og eftir það inn í flugstöðvarbygginguna þar sem frekari skoðun og aðhlyning fór fram. Þegar allir sjúklingar höfðu fengið rækilega skoðun og eins góða meðhöndlun og aðstæður frekast leifðu þá var æfingin stöðvuð enda því náð sem sóst var eftir það er æfingu á vettvangsbættinum lokið. Nú var hafist handa við að ganga frá öllu bæði í flugstöð svo öðrum búnaði. Í framhaldi af því var haldið í félagsheimilið og matur snæddur. Þegar því var lokið hófst rýnfundur en honum er lýst í öðru skjali.

Niðurstaða mín er sú að æfingin hafi tekist vel, jafnvel betur en ég hefði þorað að vona. Heimamenn sýndu áhuga og góðan vilja til þess að læra og koma síðan lærdómnum í framkvæmt með útsjónarsemi og dugnaði á sjálfri æfingunni við hinar verstu aðstæður.

Við ráðgjafarnir eigum því mjög góðar endurminningar frá þessari æfingu og þökkum heimamönnum góðar móttökur og jákvætt viðhorf.

Bjarni Sighvatsson



## Flugslysaæfing á Gjögri 2007 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Heilbrigðisþjónusta-Íbúar Árneshrepps og björgunarsveitin Strandasól	Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur LSH.

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Íbúar Árneshrepps og Björgunarsveitn Strandasól

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Vettvangi og söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

<b>4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.</b>
---

### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki höfðu allir íbúar Árneshrepps tekið þátt í fræðslu í ágúst sem var á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Bráðaflokkun og hjálpartæki við flokkun sjúklinga voru íbúarnir að sjá í fyrsta skipti, betra hefði verið að koma með fræðslu fyrir.

Aðhlyningarstjóri þarf að sjá um talningu á fórnarlömbum þannig að það sé skilgreint á verkþáttarstjóra.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Mikill áhugi var á fræðslu sem var daginn fyrir æfingu og mættu mjög margir íbúar af svæðinu.

Fræðslunni var skipt upp í bóklegt og verklegt og gekk það vel með aðstoð allra annara ráðgjafa og annara þátttakenda sem voru á staðnum.

Haft var samband við heilbrigðisstofnun Hólmavíkur og henni sent áætlunin til þess að fara yfir hlutverk þeirra við slys á Gjögurflugvelli.

Koma þarf reglubundnum æfingum á það þarf að kenna og rifja upp SÁBF kerfið, fara yfir meðferð og umönnun sjúklinga. Einnig er nauðsynlegt að fara yfir og rifja upp notkun á þeim búnaði sem til er þannig að sem flestir séu í stakk búnir til þess að nota hann þegar á reynir.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

##### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Í áætlunni fyrir flugvöllin á Gjögri er gert ráð fyrir tveimur verkþáttastjórum aðhlynningastjóra og björgunarstjóra. Þetta er mjög gott því að verkskiptingin á að vera skýr.

Flugstöðin var tæmd á skömmum tíma og henni breytt í SSS og nýtist hún vel til þess hlutverks

Vel gekk að flokka sjúklinga á vettvangi og flytja þá á söfnunarsvæði slasaðra með þeim tækjum sem til voru.

Sjúklingar voru endurmetnir stöðugt og vel var fylgst með ástandi þeirra.

##### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Það þyrfti að merkja stjórnendur betur þannig að allir þekki þá.

Búkkar og plata kom sér vel en huga þarf betur að staðsetningu jafnvel betra að hafa þessa hluti innar í innkeyrslunni en gert var.

Fjarskiptin þarf að skipuleggja og fara yfir og hvernig samskiptum við aðgerðastjórn og samhæfingarstöð verður háttað í framtíðinni.

Best er að hafa allan útbúnað á sama stað og þar sem flestir eða allir viti hvar hann er og kunni á hann.

Ekki var fjallað sérstaklega um sálræna þáttinn né honum sinnt sérstaklega að þessu sinni.

Bæta þyrfti við þann búnað sem til er eins og:

Togspelku

Betri aðgang að verkjalyfjum.

Stuðtæki

Leitarljós

Klippibúnaður

Bakbretti

Hálskraga

brunaumbúðir

Æfingar björgunarveitarinnar og íbúa þyrftu að vera reglulegar til dæmis einu sinni á ári.



## Flugslysaæfing Gjögur 2007 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Björgun á slysavettvangi	Þorlákur Snær Helgason

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Allir sem komu að æfingunni, flugvallarverðir og íbúar

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Var staddur á slysavettvangnum.

<b>4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.</b>
<b>Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:</b>
Það sem hefði mátt fara betur er að þau verkfæri sem vantar í slökkvibílinn á flugvelli hefðu átt að vera komin, það væri mjög gott að allir íbúar mundu æfa sig reglulega í aðkomu að vettvangi og sinna slösuðum, því þau þurfa að reiða á sig sjálf í nokkra tíma áður en aðstoð kemur.

<b>Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:</b>
Slökkvilið Akureyrar kemur með flugvallarfræðslu einu sinni á ári fyrir Flugstoði, það námskeið er opið fyrir alla íbúa á svæðinu og værimjög gott að fá sem flesta á það.

<b>4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.</b>
<b>Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:</b>
Ég var mjög ánægður með hvað margir mættu á fyrirlestrana á laugardeginum, hvað þau tóku vel eftir og einnig virkan þátt í verklega hlutanum.

<b>Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:</b>
Æfingin gekk mjög vel hjá þeim og var ég mjög ánægður með hvernig unnið var á vettvangnum miðað við þann búnað sem til er. Flugvallarvörður var snöggur að slökkva í flaginu og tryggja vettvang og fór síðan að sinna sjúklingum og var vettvangstjóri. Hann þarf að fylgjast með þegar búið er að slökkva eldinn, hvort það kveikni nokkuð í aftur. Var mjög ánægður með alla sem tóku þátt í æfingunni. Vona að það gangi allt vel hjá þeim við raunverulegar aðstæður.

# Flugslysaæfingin GJÖGUR 2007

## Fundargerð rýnifundar

**Haldinn í félagsheimilinu í Árneshreppi  
14. október 2007, kl. 11:30 – 13:30**

Ráðgjafar héldu framsögu um gang æfingarinnar. Eftir þá framsögu voru almennar umræður. Samhliða umræðunum komu fram fyrirspurnir heimamanna (hér á eftir merktar Sp. sem síðan var svarað af fulltrúum ráðgjafahópsins hér á eftir merkt Sv.).

### **Árni Birgisson frá Flugstoðum**

Bauð menn velkomna og fór yfir markmið og tilgang fundarins. Niðurstöður fundarins ásamt lærdómsskýrslum sem Flugstoðum kann að berast verða hluti af lokaskýrslu æfingarinnar. Leikurum var þakkað mikilsvert framlag á æfingunni.

### **Bjarni Sighvatsson frá Flugstoðum**

Kveður æfinguna hafa verið vel leysta og af röggsemi. Sökum veðurs hafi æfingin gengið hraðar en til var ætlast, en lítið við því að gera þar sem veður bauð ekki upp á það að nostra við störf á slysstað.

Dreifður vettvangur kallar á það að menn viti hvar stjórnandi er staðsettur eða auðkenndur.

### **Bára Benediktsdóttir frá Landspítalanum**

Telur að sjúklingum hafi fljót hafi verið sinnt á slysstað, en lítið hægt að gera annað en lífsbjargandi aðstoð vegna veðurs. Gott til þess að vita að allir sjúklingarnir voru greindir á slysstað. Sjúklingar voru síðan hratt og örugglega fluttir í hús til frekari aðhlyningar. Allir sjúklingar fengu góða aðhlyningu þegar upp í flugstöð / söfnunarsvæði slasaðra var komið, leitað var að áverkum, búið um sár og fylgst með líðan þeirra. Vel var hugsað um sjúklinga og gott framtak sýnt þegar heimamenn léku eftir því að leitað var álits og ráða lækni um síma.

### **Þorlákur S. Helgason frá Slökkviliði Akureyrar.**

Telur slökkvistörf hafi gengið nokkuð vel. Smávægilegir hnökrar komu fram sem búið er að fara yfir. Sökum hita kviknaði í flakinu aftur, nokkuð sem má telja eðlilegt að geti gerst og því nauðsynlegt að viðbúnaði sé hagað til samræmis við það.

### **Almennar umræður og fyrirspurnir**

Ekki lá fyrir hvort allir væru komnir í hús.

Sp. Hver á að halda utan um það að tryggja talningu?

Sv. Aðhlyningarstjóri mun sinna þessu og verður það tilgreint í flugslysaáætlun.

Sp. Hver á að fylgja sjúklingi frá slysstað á söfnunarsvæði slasaðra, sá sem greinir eða einhver annar?

Sv. Ekki er hægt að fast setja mann á mann, sérstaklega ef um er að ræða marga slasaða og fáa björgunaraðila. Ef fáir slasaðir væri það hægt.

Sp. Hver passar nauðsynlega persónulega muni þolenda t.d. mikilvæg sykursýkislyf?  
Sv. Erfitt getur verið að finna muni manna. Fall sykursjúks má bregðast við með sykri.

Þegar fyrsti sjúklingur kom upp á SSS vantaði umönnunarbúnað. Hér mætti annað hvort reyna að tryggja að ákv. búnaður sé geymdur uppi í flugstöð eða þegar fyrsti sjúklingur er fluttur færi með honum búnaður.

Ekki er til hjartastuðtæki í hreppnum. Heppilegt væri að slíkt tæki væri til.

Heppilegt hefði verið að til væru snagar í forstofu flugstöðvar fyrir blautar yfirhafnir. Flugstöðir munu bæta úr því.

Til eru tvö súrefnistæki á svæðinu.

Sp. Hefðu þurft að vera til fleiri tæki.

Sv. Miðað við ekki stærri stað eru tvö tæki ásættanlegur fjöldi.

Flugvallarstarfsmanni hælt fyrir vasklega framgöngu við slökkvistörf.

Sp. Er flugvallarslökkvibíllinn nægilegur slökkvimáttur fyrir sveitafélagið.

Sv. Búnaðurinn uppfyllir kröfur flugvallarins en það vantar meiri slökkvibúnað til að takast á við húsabruna. Þá er þörf á meiri þjálfuðum manskap á sviði slökkviviðbúnaðar.

Varðandi flutning frá slysstað og á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð. Sköpuðust umræður um farartæki sem hægt væri að nota. Sv. Um að gera að menn komi með þá bíla sem til eru á svæðinu og gætu gagnast við að flytja slasaða.

Sp. Vantaði ekki brunagrisjur?

Sv. Jú það vantaði en á meðan svo er hefði þá mátt nýta bleyta venjulegar grisjur.

Kæling á þessu stig er fyrst og fremst verkjameðferð.

Sp. Hvernig er með áfallahjálpi fyrir björgunarmenn?

Sv. Bent á að rétt sé að menn setjist niður eftir aðgerð og ræði málin saman. Jafnvel að menn fái utanaðkomandi aðstoð t.d. prest, heilbrigðisstarfsmann eða rauða kross fólk.

Sp. Hvað með það þegar nákominn lendir í slysi?

Sv. Vinnureglan er að menn sinni ekki sínum nánustu, ef því er verður viðkomið.

Skiljanlega getur orðið erfitt að tryggja það á ekki fjölmennara svæði en hér um ræðir.

Sp. Hvað með boðun um síma (fastlínu), þar sem menn eru jafn vel ekki inni við?

Sv. Lítið við því að gera nema að farsímasamband sé tryggara. Hugsanlega mætti tryggja að einhver keyrði milli bæja þegar boðað er vegna hópslys á svæðinu.

Við boðun í kjölfar gos í Kötlu er það inni í áætlun að sendar séu upp hvellbombur við lokuð svæði, t.d. yfir skála, til aðvörunar. Óvíst að það myndi henta hér. Fremur að fá mann til að keyra milli bæja, þangað til búið er að bæta úr farsímadekkun. Hjá Neyðarlínunni kemur kvittun fyrir það á hvað stöðum hafi verið svarað.

Mikið var rætt um mögulegar úrbætur í boðunar og fjarskiptamálum.

Rætt um að menn sameinist um frekari fræðslu og æfingar. Höfðað til frumkvæði manna og í því sambandi var bent á fræðslu sem Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar stendur fyrir og þá fræðslu sem Flugstoðir tryggja í gegnum Slökkviliðið á Akureyri.

Bent á að símasambandið á flugvellingnum sé óöruggt. Ein símalína er þangað og á það til að detta út og koma fram truflanir.

Rætt um hugsanlega lausn með hjálp Tetra. Bent á að taka umræðu um Tetrakaupin inn í heildstæða uppbyggingu búnaðarmála.

Varðandi síma og fjarskipta vandkvæði var lagt til að Flugstoðir og sveitafélagið fylgi málinu eftir með sameiginlegu bréfi til Samgönguráðuneytisins, Fjarskiptastofnunar og hugsanlega Símans.

Guðbjörn Charleson frá Flugstoðum

Færir mönnum kærar þakkir fyrir hönd Flugstoða, fyrir þátttökuna í æfingunni sem hafi einkennst af áhuga og miklum metnaði.

Æfingunni formlega slitið.

Guðbjörn nefndi tvö önnur atriði fyrir utan æfinguna.

Flugstoðum er gert að uppfylla ýmsar kröfur á sviði öryggis- og viðbúnaðarmála.

Sem liður í því hefur verið sett upp hlið og girðing norðan við flugstöðvarbygginguna.

Samskonar girðing er fyrirhuguð sunnan við flugstöðina. Rætt um að menn geti áfram farið um slóðann. Bara að menn fylgi því verklagi sem mælst er fyrir um, það er að láta flugvallarvörð vita ef hann er á staðnum, ellegar að loka hliðinu á eftir sér.

Sjúkrabíll björgunarsveitarinnar hefur verið í vélageymslu flugvallarins. Til stendur að skipta út slökkvibíl flugvallarins og fá stærri slökkvibíl. Þá er líklegt að það þyrfti að finna annan stað fyrir bíl björgunarsveitarinnar. Þetta er ekki að gerast strax en biður menn að byrja að huga að framtíðar húsnæði fyrir bíl björgunarsveitarinnar.

Bent var á að umferð bíla um flugbrautina sé slæm fyrir yfirborðið og spurt um fyrirhuguð öryggissvæði. Sv. Til stendur að koma upp öryggissvæðum sem hægt væri að aka á samsíða flugbrautinni en ekki er liggur fyrir hvenær verður hægt að klára gerð öryggissvæðanna.

Árni Birgisson (Sign.)



